

Útboðslýsing

Vísitölusjóður Júpíters

Mars 2019

Júpíter rekstrarfélag hf.,
kt. 520506-1010, Borgartúni 25, 105 Reykjavík

Júpíter rekstrarfélag hf., kt. 520506-1010, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, lýsir því hér með yfir að útbóðslýsing þessi er eftir bestu vitund í fullu samræmi við staðreyndir.

Útbóðslýsing þessi er gerð í samræmi við reglugerð nr. 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf, og 51. gr. og 52. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Stjórn Júpíters rekstrarfélags hf. og framkvæmdastjóri
Reykjavík, 4. mars 2019




Guðlaug Kristinsdóttir
stjórnarformaður



Óttar Már Ingvason
varaformaður stjórnar



Sigríður Mogensen
meðstjórnandi



Ragnar Páll Dyer,
framkvæmdastjóri

1. Upplýsingar um Vísitölusjóð Júpíters

1.1. Heiti

Vísitölusjóður Júpíters. Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. II. kafla laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði.

1.2. Stofndagur

Vísitölusjóður Júpíters var stofnaður í **ágúst 2017** og fékk sjóðurinn staðfestingu sem verðbréfasjóður skv. lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, nr. 128/2011 í **september 2017**. Júpíter rekstrarfélag hf. annast rekstur sjóðsins.

1.3. Deildaskipting Vísitölusjóðs Júpíters

Vísitölusjóður Júpíters starfar í einni sjóðsdeild:

Nafn	Kennitala
Júpíter – Hlutabréfavisitala	690817-9850

Sjóðsdeildirnar hafa aðskilinn fjárhag innan rekstrarfélagsins og lúta fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Hver sjóðsdeild ber ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

1.4. Reglur og reglulegar skýrslur sjóðsins

Allar upplýsingar um Vísitölusjóð Júpíters, útgefnar skýrslur, ársreikninga, útboðslýsingu og reglur má nálgast án endurgjalds hjá Júpíter rekstrarfélagi hf., Borgartúni 25, 105, Reykjavík.

1.5. Skattaleg staða

Um skattalega meðferð hlutdeildarskírteina í Vísitölusjóði Júpíters fer eftir lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, eins og þau eru skýrð á hverjum tíma og eru fjárfestar hvattir til þess að kynna sér stöðu sína skattalega og er ráðlagt að leita til sérfróðra aðila á því sviði, s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðanda. Vísitölusjóður Júpíters er ekki sjálfstæður skattaðili og er því ekki skattlagður sérstaklega. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum eru hins vegar skattlagðir við innlausn þeirra. Gengishækkun hlutdeildarskírteina færast til tekna við innlausn eða þegar þær eru lausar til ráðstöfunar. Slíkar tekjur færast sem vaxtatekjur í samræmi við 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Júpíter rekstrarfélagi hf. er skylt við innlausn hlutdeildarskírteina að halda eftir fjármagnstekjuskatti af vaxtatekjum eigenda hlutdeildarskírteina og skila í ríkissjóð samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af Júpíter rekstrarfélagi hf. eru undanþegin stimpilgjöldum. Frekari skattlagning kann að eiga við einstaka fjárfesta, t.d. erlenda, með hliðsjón af þeim reglum sem kunna að eiga við um þá í hverju og einu tilviki.

1.6. Birting ársreiknings og ráðstöfun hagnaðar

Eins og skylt er skv. 49. gr. laga nr. 128/2011 birtast sérgreindar upplýsingar fyrir Vísitölusjóð Júpíters í ársreikningi og árshlutauppgjöri Júpíters rekstrarfélags hf. Reikningsár Júpíters rekstrarfélags hf. er almanaksárið. Skal ársreikningur birtur fyrir lok apríl ár hvert og árshlutauppgjör skal vera birt fyrir septemberlok. Ársreikningur skal lagður fyrir endurskoðanda. Arður, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að myndast af fjármálagerningum og öðrum eignum í eigu sjóðsdeilda verður ekki greiddur út heldur ráðstafað til endurfjárfestinga samkvæmt fjárfestingarstefnu og þ.a.l. bætt við höfuðstól hvernar sjóðsdeildar.

1.7. Upplýsingar um tegundir og helstu einkenni hlutdeildarskírteina

Júpíter rekstrarfélag hf. annast útgáfu skilríkja fyrir eignarréttindum að Vísitölusjóði Júpíters í formi hlutdeildarskírteina ef eigendur þeirra óska eftir því, sbr. 2. mgr. 23. gr., laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, nr. 128/2011.

Júpíter rekstrarfélag hf. gefur út hlutdeildarskírteini í einingaformi til þeirra aðila sem eiga tilkall til hlutdeildar í viðkomandi sjóðsdeild og óska eftir útgáfu hlutdeildarskírteinis, þ.e. þau eru gefin út á hvaða einingu sem er með allt að fjórum aukastöfum. Hlutdeildarskírteini eru